

DV

Sunnudagur 7. maí



- 11.30 Evrópeameistaramót í fimleikum karla. Bein útsending frá Stokkhólmi. Umsjón Jón Óskar Sólnes og Jónas Tryggvason.
- 13.30 Hlé.
- 16.50 Maður er nefndur - Brynjólfur Bjarnason. Sr. Emil Björnsson ræðir við Brynjólf um kommúnisma, trúarbrögð, þátttöku í verkalyðsbáratunni og fleira. Þátturinn var fyrst á dagskrá 13. 12. 1976.
- 17.50 Sunnudagshugvekja. Sr. Hjalti Guðmundsson flytur.
- 18.00 Sumarglugginn. Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 Táknálsfréttir.
- 19.00 Roseanne (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 Kastljós á sunnudegi. Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 Mannlegur þáttur. Umsjón Egill Helgason.
- 21.00 Draumsýnir í myrkri (Imagery in the Darkness). Tékknesk hreyfilistamynd.
- 21.20 Hætur skáldsins (Las Gullinas des Cervantes). Spænsk sjónvarpsmynd í léttum dúr um rithöfundinn Cervantes og eigin konu hans, Donu Catalinu. Dona hefur dalaði á hænum og fer hún brátt að retta sér afar einkennilega og veldur það manni hennar áhyggjum. Þýðandi Ornólfur Arnason.
- 22.45 Norrænir kórar - Erik Bergman (Korer i Norden). Í þessum þætti er fylgst með finnska söngstjóranum Erik Bergman æfa kórverk. Þýðandi Trausti Júlíusson. (Nordvision - Finniska sjónvarpið).
- 23.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök.

- 22.20 Verðir laganna. Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.10 Óhugnaður í óbyggðum. Deliverance. Þetta er spennumynd sem segir frá kanóferð fjögurra vina niður stórstreymt fljót. En brátt breytist þessi skemmtiferð þeirra félagi í óhugnanlega martröð sem á eftir að draga diik á eftir sér. Aðalhlutverk: Jon Voight, Burt Reynolds, Ned Beatty og Ronny Cox. Leikstjóri og framleiðandi: John Boorman. Alls ekki við hæfi barna.
- 00.45 Dagskrárlök.



Rás 1 FM 92.4/93.5

- 7.45 Morgunandakt. Séra Svafnir Sveinbjarnarson prófatur á Breiðabólstað flytur ritningar-órð og bæn.
- 8.00 Fréttir.
- 8.15 Veðurfregnir. Dagskrá.
- 8.30 Á sunnudagsmorgni með Brynju Benediktsdóttur leikstjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Jóhannes 15, 26-16.4.
- 9.00 Fréttir.
- 9.03 Tónlist á sunnudagsmorgni.
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfregnir.
- 10.25 Af menningartímaritum - RM (Ritlist - myndlist, 1947-1950.) Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
- 11.00 Messa í Fella- og Hólakirkju. Prestur: Séra Hreinn Hjartarson.
- 12.10 Dagskrá.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
- 13.00 Konsernt nr. 21 í C-dúr fyrir piano og hljómsveit eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Friedrich Gulda leikur með Filharmóníusveit Vínarborgar; Claudio Abbado stjórnar. (Af hljómski.)
- 13.30 Sigurður Pétursson og fyrstu íslensku leikritin. Umsjón: Illugi Jökullsson.
- 14.30 Með sunnudagskaffinu. Sigild tónlist af léttara taginu.
- 15.10 Spjall á vordegi. Umsjón: Halla Guðmundsdóttir.
- 16.00 Fréttir. Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfregnir.
- 16.20 Barnaútvarpið - Ertu aumingi Maður? Leikgerð Vernharðs Linnets á sögu eftir Dennis Jürgensen. Flytjendur: Atli Rafn Sigurðsson, Elísabet Gunnlaugsdóttir, Jón Atli Jónsson, Oddný Eir Ávardsdóttir og Þórdís Valdimarsdóttir. Sögumaður er Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins nk. fimmtudag.)
- 17.00 Tónleikar á vegum Evrópu-bandalags útvarpsstöðva. Útvarpað verður tónleikum frá tónlistarhátíðinni í Bregenz í Austurríki í ágúst sl.: - Prelúdíur op. 24 eftir Alexander Skryabin. Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar leikur; Alfred Solder stjórnar. - Serenada í D-dúr op. 8 eftir Ludwig van Beethoven. Dimitri Sitkovetsky, Gerard Caussé og Mischa Maisky leika. (Hljóðritun frá austurríska útvarpinu, ORF.)
- 18.00 „Eins og gerst hafi í gær“. Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Einnig útvarpað morguninn eftir kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.31 Leikandi létt. Ólafur Gaukur spilar plötur og rabbar um þekkt tónlistarfólk.
- 20.00 Sunnudagsstund barnanna. Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum)
- 20.30 Íslensk tónlist.
- 21.10 Ekki er allt sem sýnist - þættir um náttúruna. Áttundi þáttur. Fruman. Umsjón: Bjarni Guðleifsson. (Frá Akureyri)
- 21.30 Útvarpsagan. „Lóng er dauðans leið“ eftir Else Fischer. Ögmundur Helgason þýddi. Erla B. Skúladóttir les (5.)
- 22.00 Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
- 22.15 Veðurfregnir.
- 22.20 Harmoníkubáttur. Umsjón: Bjarni Marteinsson.
- 23.00 Laugavegur 11. Síðari þáttur Umsjón: Páll Heiðar Jónsson

- og Jökull Jakobsson. (Áður á dagskrá 1974.)
- 24.00 Fréttir.
- 00.10 Ómur að utan - Atriði úr Boris Godunov eftir Alexander Puskin. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 01.00 Veðurfregnir. Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



- 03.05 Vökulögin.
- 9.03 Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests. Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
- 11.00 Úrval vikunnar. Úrval úr dægurmaláutvarpi vikunnar á Rás 2.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Spilakassinn. Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
- 15.00 Vinsældalisti Rásar 2. Aslaug Dóra Eydóttir kynrir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekin frá föstudagskvöldi.)
- 16.05 127. tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlustendur.
- 17.00 Tengja. Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum átum. (Frá Akureyri)
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.31 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 Útvarp unga fólksins. Vernharður Linnet er við hljóðnemann.
- 21.30 Kvöldtónar.
- 22.07 Á elleftu stundu. Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 01.10 Vökulögin. Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 9.00 Haraldur Gislason. Hrifandi morguntónlist sem þessi morgun- glaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálinu. Förum snemma á fætur með Harðsnuhálla!
- 13.00 Ólafur Már Björnsson. Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
- 18.00 Kristófer Helgason. Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn. Ómissandi við útgil-liði!
- 24.00 Næturdagskrá.



- 9.00 Sigurður Helgi Hliðóverson. Fjór við fóninn. Skinandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
- 14.00 Margrét Hrafnadóttir fer með hlustendum í biltúr, kikir í ísbúðirnar og leikur góða tónlist. Margrét sér okkur fyrir skemmtilegri sunnudagsdagskrá með ýmsum óvæntum uppkomum.
- 18.00 Kristófer Helgason. Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn.
- 24.00 Næturstjómur.

**ÖLVUNAR AKSTUR ER BÖLVUNAR AKSTUR**

UMFERDAR RÁÐ LÍF LIGGUR VÍÐ



- 10.00 Sigildur sunnudagur. Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 Jazz & blús.
- 13.00 Prógramm. Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 Elds er þörf. Vinstrisósalistar. E.
- 16.00 Kvennaútvarpið. Ýmis kvennasamtök. E.
- 17.00 Á mannlegu nótnum. Umsjón: Flokkur mannsins.
- 18.00 Laust.
- 18.30 Mormónar. E.
- 19.00 Sunnudagur til sælu. Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
- 20.00 Fés. Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 Múrverk. Tónlistarþáttur í umsjá Arna Kristinssonar.
- 23.30 Rótardraugar.
- 24.00 Næturvakt.



- 12.00 FÁ.
- 14.00 MR.
- 16.00 MK.
- 18.00 FG.
- 20.00 Útvarpsráð Útrásar.
- 22.00 Neðanjarðargöngin, óháður vinsældalisti á FM 104.8.
- 01.00 Dagskrárlök.



- 14.00 Orð Guðs til þín. Þáttur frá Orði lífsins - endurtekið frá þriðjudegi.
- 15.00 Blessandi tónar. Guð er hér og vill finna þig.
- 21.00 Orð Guðs til þín. Þáttur frá Orði lífsins - endurtekið frá fimmtudegi.
- 22.00 Blessandi boðskapur í margvislegum tónum.
- 24.00 Dagskrárlök.



- 4.30 Fugl Baileys.
- 5.00 The Hour Of Power.
- 6.00 Gríníðjan. Barnaefni.
- 10.00 Íþróttabáttur.
- 12.00 Heaven On Earth. Kvikmynd.
- 14.00 Beyond 2000. Vísindabáttur.
- 15.00 Poppþáttur.
- 16.00 Joanie Loves Chachi.
- 16.30 Eight Is Enough. Gamanþáttur.
- 17.30 Dolly. Gamanþáttur.
- 18.30 Family Ties. Gamanþáttur.
- 17.30 Kvikmynd.
- 21.30 Entertainment This Week.
- 22.30 Poppþáttur.



- 16.00 Íþróttakynning Eurosport.
- 17.00 Eurosport - What a Week! Litlið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.
- 18.00 Kappakstur. Grand Prix í Monaco.
- 20.00 Golf. European Grand Prix.
- 21.30 Tennis. Tournament Of Champions.
- 23.00 Íþróttakynning Eurosport.



Nýtt útvarpsleikrit verður flutt í barnaútvarpinu í dag.

# Rás 1 kl. 16.20 - Barnaútvarpið: Ertu aumingi, maður?

Í barnaútvarpinu í dag hefst flutningur á útvarpsgerð Vernharðs Linnets á sögu Dennis Jürgensens, Ertu aumingi, maður? Þættirnir verða endurteknir í Útvarpi unga fólksins á fimmtudagskvöldum.

Átta unglingar fara með aðalhlutverkin í útvarpsgerðinni: Atli Rafn Sigurðsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Irpa Sjöfn Gestsdóttir, Jón Atli Jónsson, Markús Þór Andrésson, Oddný og Þórólfr Beck Kristjánsson.

Dennis Jurgensen er einn vinsælasti unglingabóka höfundur Norðurlanda og hefur ein bóka hans verið gefin út á íslensku, Ást við fyrsta hikk. Tvær sögur hans hafa verið fluttar í

Barnaútvarpinu í útvarpsgerð Vernharðs Linnets, Múmian sem hvarf og Kista Drakúla. Í öllum þessum verkum nýtur frábært skopskyn höfundar sín vel og ekki síður í Ertu aumingi, maður? Þar segir frá fjórum strákum sem eru svo töff að þeir eiga í erfiðleikum með að vera til. Allir eiga þeir þó leyndarmál sem hinir mega ekki komast að - og þar koma stelpurnar við sögu.

Útvarpsgerðin af Ertu aumingi, maður? er spennandi en þó umfram allt myndin og sýnir að undir harðri töffaraskel býr oftast góður drengur.

-J.Mar

# Stöð 2 kl. 9.00: Högni hrekkvísí og annað barnaefni

Að vanda hefst barnadagskráin á sunnudagsmorgni með teiknimyndinni um þann hrekkvísí kött Högna og félagi hans. Þegar henni er lokið birtast Alli og íkornanir á skjánum, hugljúf teiknimynd fyrir börn á öllum aldri. Þá er komið að framhaldsmyndinni Smygl og strax að henni lokinni er komið að Laði lokkaprúð en það er falleg teiknimynd

með íslensku tali. Selurinn Snorri er góður, lífill selur sem lifir í norðurhöfum og ævintýri hans eru á dagskrá kl. 10.25. Myndin er sömu leidis með íslensku tali.

Þá er komið að teiknimyndinni um Þrumukettina og næstsiðust á dagskránni er myndin Drekar og dýflissur en barnadagskránni lýkur svo með þættinum Fjölskyldusögur.



Stöð 2 hefur sýningar á nýjum þáttum með Michael Aspel.

# Stöð 2 kl. 21.00: Þetta er þitt líf

Michael Aspel hefur um skeið verið með tvo keimlíka spjallþætti í gangi fyrir sína hvora sjónvarpsstöðina í Bretlandi en upptökum á þáttunum er nýlega lokið. Þá hefur Michael átt veg og vanda af hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Þetta er þitt líf (This Is Your Life) en í þáttunum les Michael upp lífshlaup viðmælenda sinna úr sérstakri möppu sem er eitt aðaleinkenni þáttanna. Að þáttinum loknum fær viðkomandi gestur möppuna afhenta og þó hún láti ekki mikið yfir sér liggur að baki henni margra mánaða vinna.

Mikil leynd hvílir yfir hverjum þætti og í þáttina mætir fjölskylda aðalgestsins einnig. Það hefur oft verið erfiðleikum bundið að fá alla fjölskyldu viðmælendans til að koma í þáttinn á sama tíma en með lagni hefur stjórnandanum þó tekist það.

Margir af þekktustu leikurum heims eru vist líka feimið og hlédrægt fólk og hrýs hugur við að koma fram undir eigin nafni. En Aspel segist virða fullkomlega einkalíf fólks.

Í þessum fyrsta þætti tekur Aspel á móti Mickey Rooney.